

**4. fundur  
þróunarsamvinnunefndar á árinu 2018  
haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 31. ágúst 2018 kl. 10:00**

*Fundargerð*

**Mættir:**

Valgerður Sverrisdóttir – formaður  
Ólafur Ísleifsson - Flokkur fólksins  
Halldóra Mogensen – Píratar  
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin – grænt framboð  
Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi  
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp  
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið  
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands  
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins  
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri), Þórdís Sigurðardóttir (sendiráðunautur), Hildigunnur Engilbertsdóttir (sérfræðingur) og Erla Hlín Hjálmarsdóttir (sérfræðingur).

Bjarni Gíslason (Hjálparstarf kirkjunnar), Erna Reynisdóttir (Barnaheill), Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur), Birgir Þórarinsson (Miðflokkur), Áslaug Arna Sveinbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Logi Einarsson (Samfylkingin), Geir Gunnlaugsson (Háskóli Íslands) og Tumi Tómasson (Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna) tilkynntu forföll. Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) var fjarverandi.

Nefndarritari:  
Kristjana Sigurbjörnsdóttir

**13. fundur þróunarsamvinnunefndar**

**1. Fundur settur.**

Formaður bauð nefnd velkomna til fundar og ítrekaði að tilkynna forföll tímanlega svo hægt væri að boða varafulltrúa á fund í staðinn. Fundargerð 12. fundar var samþykkt.

**2. Umræða um uppfærða tillögu til þingsályktunar um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023 ásamt fylgiskjölum.**

Formaður nefndar sagði frá því að þingsályktunartillaga væri komin inn í samráðsgátt og því komin fyrir augu almennings. Frestur er gefinn til 13. september til að skila inn athugasemdum í samráðsgátt. Ef ábendingar berast sem verða til þess að orðalag eða áherslur í stefnuskjali breytast mun ráðuneytið koma þeim breytingum á framfæri til nefndar jafnóðum. Þróunarsamvinnunefnd er skylt að koma með athugasemdir í skriflegri umsögn. Umsögnin getur haft áhrif á stefnuna en mun einnig standa ein og sér sem fylgiskjal með nýrri stefnu. Staðfest að næsti fundur þróunarsamvinnunefndar fer fram 17. september og á nefnd að kynna umsögn sína fyrir utanríkisráðherra á þeim fundi. Ráðuneytið gerir ráð fyrir að hægt verði að leggja stefnu fyrir ríkisstjórnarfund síðla hausts. Nefndarfulltrúi spurði hvort sérstakir aðilar hafi verið beðnir um að skila umsögn. Ráðuneytið svaraði því að fréttatilkynning hefði verið send út og opið samráðsferli væri ætlað að gefa hverjum þeim aðila sem hefur áhuga á því að hafa innlegg, vettvang til að gera slíkt.

Nefndarfulltrúi spurði hvar í nýjstu drögum að þingsályktunartillögu væri að finna helstu breytingar miðað við drög sem lögð voru fram í maí. Starfsmaður þróunarsamvinnuskrifstofu (ÞSS) svaraði því að skýrari áhersla á Heimsmarkmiðin væri stærsta breytingin og stefnan sé nú byggð á tveimur þróunarmarkmiðum (þar er eitt markmið aukinheldur með mannúðaráherslu) í stað þeirra þriggja sem voru áður sett fram. Þá væru nú níu undirmarkmið sem hvert ynnu að sínu Heimsmarkmiði. Mannréttindanálgun hefur verið skrifuð inn í stefnu og aðgerðaáætlun, bæði sem sértækt markmið og samþætt inn í flesta þætti þróunarsamvinnu. Fulltrúi háskólasamfélagsins sagðist sjá fáar efnislegar breytingar en fannst flæði stefnu og aðgerðaáætlunar nú læsilegra og betra.

Fyrirspurn var gerð um orðalag um að draga eigi úr viðskiptahindrunum og spurt hvernig Ísland getur hagað slíku starfi. ÞSS sagði þessa setningu tilkomna vegna vinnu sem sett var af stað innan ráðuneytisins eftir tilmælum úr jafningjarýni Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) þess efnis að samræma eigi betur stefnur utanríkisráðuneytisins við þróun nýrrar þróunarsamvinnustefnu og liður í því umbótastarfi. Orðalag stefnu eigi fyrst og fremst við viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins og málsvarastarf á alþjóðavettvangi t.d. við gerð viðskiptasamninga þar sem Ísland getur komið málefnum á dagskrá. Nefndarfulltrúi benti á að Ísland hafi nú þegar hafið vinnu í þessum málum með því að samþykkja á síðasta þingi frumvarp um breytingar á tollalögum þess efnis að fella niður tolla á vörum frá fátækustu ríkjum heims (sjá [þingskjal 1177, 148.þingi, mál 518](#)). Fulltrúi borgarasamtaka benti á að í aðgerðaáætlun er tekið sterkar til orða en í þingsályktun og spurði hvort hægt væri að samræma orðalag. Sérfræðingur ÞSS sagði þetta snerta utanríkisviðskiptastefnu Íslands sem flækir framkvæmd stefnu og árangursmælingar ÞSS, þar sem framkvæmd stefnunnar sé fyrst og fremst á hendi ÞSS, en tolla- og viðskiptamál á hendi annarra skrifstofa innan utanríkisráðuneytisins. Sérfræðingurinn benti enn fremur á að gerður sé greinarmunur á milli viðskiptamála annars vegar og samstarfs við atvinnulíf hins vegar í aðgerðaáætlun. Síðarnefndi málaflokkurinn væri á ábyrgð ÞSS, en sá fyrri á hendi viðskiptaskrifstofu. Hins vegar væri sífellt aukin áhersla á samhæfingu stefnu og mikilvægt að Ísland sé samstíga í öllum málefnum sem varða hagsmuni þróunarlanda.

Fulltrúi í nefnd vakti athygli á hugsanlegri mótsögn í stefnu þegar talað er um að stuðla að sjálfbærni og á sama tíma efla markaðsaðgengi og nýta atvinnulífið við framkvæmd þróunarsamvinnu. Sérfræðingur ÞSS benti á að þróunarsamvinna gangi til að mynda út á að gefa fólki í þróunarlöndum tækifæri og val, og að slíkt starf feli meðal annars í sér að vinna að því að fella niður þær hindranir sem standa með kerfisbundnum hætti í vegi fyrir viðskiptatækifærum þróunarlanda, sem hafi í gegnum tíðina skekkt myndina hvað varðar þau tækifæri sem fátækari löndin hafi haft. Hvað varðar þá nálgun að virkja atvinnulífið í þróunarsamvinnu, þá væri mjög sterk áhersla á slíkt á vettvangi DAC, og slík áhersla mætti ekki leggja að jöfnu við það að hygla íslenskum fyrirtækjum eða standa vörð um hagsmuni íslensks atvinnulífs í þróunarlöndum. Grunnhugsunin væri sú að til að ná Heimsmarkmiðunum, þyrfti samhent átak, ekki einungis ríkja, heldur þyrftu fyrirtæki að leggja sitt af mörkum. Benti fulltrúi í nefnd á að ef til vill mætti skoða orðalagið nánar til að fyrirbyggja allan misskilning um að textinn sé um að draga úr viðskiptahindrunum en ekki að Ísland ýti undir misnotkun á viðkvæmum mörkuðum af neinu tagi. Nefndarfulltrúi vill fá að hugsa þetta lengra.

Fulltrúi háskólasamfélagsins tók upp athugasemd úr fundargerð síðasta fundar varðandi tillögu fulltrúa borgarasamtaka þess efnis að gera Alþjóðaráð Rauða Krossins að áherslustofnun í nýrri stefnu. Umræða fór fram um málið og studdu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins ábendingar borgarasamtaka um að stuðningur við Alþjóðaráð Rauða Krossins yrði sett aftur á dagskrá. Skrifstofustjóri ÞSS benti á að framlög hafa aukist til Alþjóðaráðs Rauða Krossins síðustu ár.

Fulltrúi borgarasamtaka gerði athugasemd við orðalag í þingsályktunartillögu, lið 3 (framkvæmd), tölulíð 2 (Samstarf við fjölþjóðlegar stofnanir) um orðalagið „skilyrðislaus kjarnaframlög“. ÞSS benti á að þessu orðalagi hefði verið breytt í nýjum drögum og þar sé komið inn orðalagið „samningsbundin kjarnaframlög“. Drögin hafi verið lesin yfir af prófarkarlesara og rýnt í orðalag. Listi yfir Heimsmarkmið sem áður voru í lok greinargerðar við þingsályktunartillögu, hafði einnig verið fjarlægður þar sem honum var ofaukið.

Nefndin vill ítreka í umsögn að þróunarsamvinna eigi að fara fram á forsendum viðtakandans. Mikilvægt sé að nýta staðbundna sérþekkingu á meðan það er nauðsynlegt að styðja við getuuppbyggingu og þekkingu þegar hana vantar eins og Háskólar SP á Íslandi gera.

Fulltrúi borgarasamtaka var með ábendingu um orðalag í þingsályktun varðandi framlagstölu á hækkun fyrir árið 2017 í 0.28%. Taka þyrfti af allan vafa um hvort hækkunin sé að meðtöldum kostnaði við hælisleitendur og flóttafólk.

Fjármál þróunarsamvinnu verða kynnt af deildarstjóra rekstrar- og þjónustuskrifstofu ráðuneytisins þegar frumvarp til fjárlaga liggur fyrir. Kynning haldin með haustinu.

### **3. Verklag um umsögn nefndar.**

Formaður nefndar ákvað að undirnefnd ynni *drög fram yfir fund með ráðherra*. Í undirnefnd sitja fulltrúi háskólasamfélagsins sem gerir fyrstu drög, auk fulltrúa þings og borgarasamtaka. Nefndarfulltrúi vildi hafa opið ferli og hafa drögin aðgengileg öllum sem google-skjal sem allir gætu unnið í og séð.

### **4. Kynning á skýrslu um framkvæmd þróunarsamvinnustefnu 2013-2016.**

Skrifstofustjóri kynnti uppsetningu á framvinduskýrslu síðustu þróunarsamvinnustefnu. Framvinduskýrslan er unnin upp úr árangurskýrslum, úttektum og eftirlitsskýrslum og skýrir frá framvindu verkefna í þróunarsamvinnu á árunum 2013-2016. Í skýrslunni má auk þess lesa um hvernig árangurinn hefur verið. Skýrslan fjallar ekki um fjármál.

Ráðherra ber annað hvert ár að kynna fyrir þingi hvernig framkvæmd stefnu gengur en það hefur ekki verið gert fyrir þingsályktun um þróunarsamvinnustefnu 2013-2016. Skrifstofustjóri ÞSS leggur til að framvinduskýrslan verði fylgiskjal með nýrri stefnu, aftast í þingsályktunartillögu. Framvinduskýrsla og glærukynning skrifstofustjóra um skýrsluna verða send nefnd sem fylgiskjal með næsta fundarboði en var einnig dreift á fundi. Fulltrúi í nefnd benti á að með nýjum lögum um opinber fjármál verði frekari áhersla í næstu framvinduskýrslu á að rekja árangur í tölulegu tilliti. Nefndarfulltrúi gerði auk þess athugasemd um orðalagið „fiskimál“ í kafla um sjávarútveg og fiskeldi.

### **5. Önnur mál**

Staðfest er að næsti fundur þróunarsamvinnunefndar fer fram 17.september og mun þá nefnd kynna umsögn sína um stefnu fyrir utanríkisráðherra. Þar sem nefndarfundir Alþingis fara fram á mánudagsmorgnum frá 9:30-11:00 var ákveðið að fundur hæfist kl. 11: 15 og standi til 12:30. Boðið verður upp á hádegisverð á fundi.

Jafningjarýni DAC á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands: helstu tilmæli hafa verið þýdd á íslensku. Starfsmaður ÞSS benti á að nefnd þurfi að gefa umsögn um tilmæli DAC og var yfirlitið gert í því skyni að auðvelda nefnd yfirsýn. Þýðingin var gerð innanhús og orðalag staðfært til að gera tillögur skiljanlegar. Yfirlitið sýnir sjö meginmálefni sem tekin voru fyrir í jafningjarýni DAC; hvíti dálkurinn er tilmæli DAC og litakóðun í samhengi við viðbrögð vegna og stöðu viðkomandi máls innan ÞSS en skrifstofan fylgir þessum málefnum eftir á markvissan hátt. DAC er búið að lengja rýnisferlið sitt og fer miðannarýni ekki fram fyrr en árið 2020. Sé þess óskað getur starfsmaður ÞSS farið yfir tilmælin lið fyrir lið með nefnd á fundi síðar í haust. Formaður tók fram að nefndin verði að hafa skoðun á jafningjarýninni. Yfirliti sem dreift var á fundi verður sent sem fylgiskjal með næsta fundarboði.

DAC hefur gefið út nýjar leiðbeiningar um hvernig telja skuli fram kostnað vegna vegna hælisleitenda og flóttafólks. Þróunarsamvinnunefnd fær afrit af þeim með næsta fundarboði.

Fundi slitið 11:24.